

Mál nr. 295/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. Frítímaslysáttryggingar.

Hjólreiðamaður datt og slasaðist. Ágreiningur um hvort M hafi verið við æfingur til undirbúnings fyrir keppni eða ekki. Þ. 29.4.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 28.8.2013 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V dags. 11.9.2013 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að M hafi verið að hjóla á göngu-og hjólastíg sem liggur meðfram Eiðsgranda og dottið af hjólinu. M var með hjálm á höfði. Vitni að slysinu segja að M hafi hjólað fram úr þeim og þakkað þeim fyrir að víkja og hjólað áfram og ætlað fram úr manni sem var að skokka og töldu að sá maður hafi ætlað að víkja fyrir M, en farið í veg fyrir hann og þá hafi M bremsað og dottið af hjólinu og lent á hægri hliðinni. Maðurinn sem var að skokka segist hafa farið óvart í veg fyrir M. M krefst bóta úr frítímaslysáttryggingu sinni hjá V. Af hálfu V er því haldið fram að þegar hann var að hjóla í umrætt sinn hafi hann ekki verið að æfa sig sérstaklega fyrir keppni í svokölluðum “Ironman”, en M taki virkan þátt í íþróttum og séu hjólreiðar eitt af hans áhugamálum. M bendir á að hvergi í gögnum málsins þar sem fjallað sé um slysið sé vísað til þess að M hafi verið að æfa sig fyrir Ironman heldur hafi verið um hefðbundin hjólreiðatúr hans að ræða. Af hálfu M er því mótmælt að V hafni bótaskyldu á grundvelli ákvæðis 4.4. í III.kafla vátryggingarskilmála þeirra sem hér ræðir um þar sem slys sem verða í keppni eða við æfingar til undirbúnings keppni séu undanskilin. V hafnar bótaskyldu á þeim forsendum að M hafi í umrætt sinn verið að æfa sig fyrir keppni í “Ironman”. V bendir á að skv. grein 4.4. í III. kafla vátryggingarskilmála fyrir umrædda vátryggingu séu slys sem verða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hverskonar íþróttum undanskilin. V bendir á vottorð Ingvars Ingvarssonar læknis dags. 15.3.2013 þar sem fram komi að M sé kerfisstjóri sem æfir fyrir “Ironman” og ekki verði annað skilið af samhenginu en að M hafi verið að æfa sig fyrir “Járnkarl” í umrætt sinn. Þá vísar V til þess að M haldi úti heimasíðu þar sem hann fjalli um allt sem tengist æfingum og keppni í “Járnkarli”. V bendir á að umræddur “Járnkarl” sé einstaklingsíþrótt og séu hjólreiðar hluti af þeirri íþrótt og það sé ekki skilyrði að M hafi þurft að vera undir handleiðslu þjálfara til að ofangreind ákvæði vátryggingarskilmála eigi við.

Álit.

Af framburðum vitna má ráða að M hafi verið að hjóla með hefðbundnum hætti í umrætt sinn. Hann bað vitnin um að víkja úr vegi og þakkaði þeim fyrir að gera það. Þá ber sá maður sem fór í veg fyrir M að hann hafi gert það óvart. Ekkert bendir því til að slys M hafi orðið vegna þess að M hafi hjólað með óeðlilegum hætti í umrætt sinn eða öðrum hætti en hjólreiðamenn gera almennt á göngu/hjólreiðastígum eins og þeim sem um ræðir. Sú staðreynd að M æfir fyrir keppni í svokölluðum “Ironman” eða “Járnkarli” veldur því ekki að hann verði jafnan talinn vera við æfingar fyrir keppni í þeirri íþrótt í hvert skipti sem hann fer í hjólreiðatúr. M mótmælir því að hann hafi verið við æfingar fyrir keppni í umrætt sinn og V hefur ekki tekist að sýna fram á að svo hafi verið eða nokkuð hafi verið óeðlilegt við akstur M í umrætt sinn. Að því virtu verður ekki talið að ákvæði í grein 4.4. í kafla III í vátryggingaskilmálum eigi við um það atvik sem hér ræðir um. M á því rétt á bótum úr frítímaslysáttryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr frítímaslysaftryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 1.10.2013

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.